

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/607
komudagur 12.12.2003



10. desember 2003

ALÞINGI
Heilbrigðis- og trygginganefnd
150 Reykjavík

Tillaga til þingsályktunar um tannvernd barna og unglunga. Þskj. 25 – 25. mál.

Umsögn Miðstöðvar tannverndar


Miðstöð tannverndar tekur undir og lýsir ánægju með þingsályktunartillögu Þuríðar Backman og Ögmundar Jónassonar varðandi tillögu um að efla tannvernd barna og unglunga.

Miðstöðin styður þá tillögu að tannvernd verði hluti ungbarnaverndar og skólaheilsugæslu **og leggur til að aukin áhersla verði lögð á að efla samvinnu milli heilsugæslustöðva og sjálfstætt starfandi tannlækna.**

Miðstöð tannverndar styður og þá tillögu og leggur að auki til að skoðun og forvarnir fyrir aldurshópana **átján mánaða**, þriggja, sex, níu, tólf, fimmtán og **átján ára** verði þeim að kostnaðarlausu. Slíkt fyrirkomulag myndi tryggja aðgengi að tannheilbrigðisþjónustu óháð efnahag og félagslegum aðstæðum og auðvelda samstarf heilsugæslustöðva og sjálfstætt starfandi tannlækna.

Miðstöð tannverndar fagnar tillögu um hækkun á greiðsluhlutfalli Tryggingastofnunar ríkisins vegna þátttöku í tannlækningakostnaði barna og unglunga í 90%. **Hins vegar skal á það bent að samræmi verður að ríkja milli ráðherragjaldskrár þeirrar sem endurgreiðslur miðast við og raunkostnaðar vegna tannlækninga svo 90% kostnaðarhlutdeild Tryggingastofnunar standi undir nafni.**

Virðingarfyllt,


Hólmfríður Guðmundsdóttir, tannlæknir, MS
yfirmaður Miðstöðvar tannverndar
VS: 5851437; GSM 8212213